

## BÓKUN 41

### UM GILDANDI SAMNINGA

Í samræmi við ákvæði 120. gr. EES-samningsins hafa samningsaðilar samþykkt að eftirtaldir tvíhliða eða marghliða samningar sem eru annars vegar bindandi fyrir Efnahagsbandalag Evrópu og hins vegar fyrir eitt eða fleiri EFTA-ríki, skuli gilda áfram eftir að EES-samningurinn gengur í gildi.

{<sup>1</sup>}

- 1.12.1987 Samningur milli Lýðveldisins Austurríkis annars vegar og Sambandslýðveldisins Þýskalands og Efnahagsbandalags Evrópu hins vegar um samvinnu um stjórnun á vatnsnýtingu á vatnasviði Dónár.
- 19.11.1991 Samningur í formi bréfaskipta milli Lýðveldisins Austurríkis og Efnahagsbandalags Evrópu varðandi markaðssetningu, á austurrísku yfirráðasvæði, á borðvíninum Bandalagsins og „Landwein“ á flöskum.

---

<sup>{1}</sup> Orðin „29.4.1963/3.12.1976 Alþjóðaráð til varnar mengun í Rín. Blandaður samningur milli Ríkjasambandsins Sviss og Efnahagsbandalags Evrópu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Frakklands, Lúxemborgar og Hollands. 3.12.1976 Verndun Rínar gegn efnamengun. Blandaður samningur milli Ríkjasambandsins Sviss og Efnahagsbandalags Evrópu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Frakklands, Lúxemborgar og Hollands.“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.